Fyrirspurn um skólabókasöfn í Kópavogi

Samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012 eru bókasöfn þjónustustofnanir sem skulu veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum sem skapar grundvöll fyrir nemendur til að efla menntun sína og menningarlega hæfni. Skólabókasöfn stuðla einnig að sjálfstæðri vinnu nemenda og eflingu upplýsingalæsis, eins og lög um grunnskóla nr. 91/2008 kveða á um og aðalnámskrá grunnskóla leggur áherslu á.

Góð skólabókasöfn eru forsenda þess að tryggja jafnrétti til náms fyrir alla nemendur, óháð aðstæðum þeirra. Aðgengi að fjölbreyttum bókakosti og námsefni styrkir grunnstoðir menntunar og jafnar aðstöðu nemenda til náms. Einnig er upplýsingalæsi lykilatriði fyrir námsárangur og hæfni nemenda Í nútímasamfélagi. Aðgangur að góðu bókasafni, þar sem nemendur fá leiðsögn í notkun upplýsinga og gagnrýninni hugsun styrkir nemendur.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á að skólabókasöfn séu ekki aðeins til staðar, heldur einnig í stakk búin til að veita þessa þjónustu og því er mikilvægt að hún hafi virka eftirfylgni með starfsemi skólabókasafna til að tryggja að þau geti uppfyllt lögbundið hlutverk sitt.

Með allt ofangreint í huga er óskað eftir að Menntasvið kalli eftir þessum upplýsingum frá grunnskólum í Kópavogi:

1. Hvað er gert á skólasafninu til að tryggja góðan aðgang barna að nýjasta bókakostinum?

2. Hver eru árleg útgjöld skólans til bókakaupa skólasafnsins árin 2022, 2023 og 2024?

3. Starfar faglærður bókasafnsfræðingur eða kennari á skólasafninu og hvert er starfshlutfallið?

4. Er skólabókasafnið í sérrými og hver er opnunartími safnsins?

5. Hvað gerir skólinn til að auka útlán á bókum og ráðleggja nemendum um lesefni sniðið að þeirra áhugasviði og getu?

6. Hvaða bókatitlar eru lesnir af öllum nemendum unglingastigs? (í íslenskukennslu)

7. Hvað er gert á skólabókasafni til að kenna bæði kennurum og nemendum færni í meðferð upplýsinga?

8. Hver eru tengsl skólabókasafns við námskrá skólans?

9. Er allur bókakostur skólabókasafnsins skráður í landskerfi bókasafnanna og eru öll útlán skráð á lánþega?

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026